

# ÁHERSLUVERKEFNI 2017



SÓKNARÁÆTLUN  
NORÐURLANDS VESTRA

## Verkefni 1 - Samgönguáætlun

Markmið verkefnisins er að til verði heildstæð mynd af samgöngukerfi landshlutans og öðrum mikilvægum innviðum, auk skýrrar forgangsröðunar heimamanna á þeim verkefnum sem snúa að ríkinu.

## Verkefni 2 – Stuðningur við styrkþega Uppbyggingarsjóðs og Atvinnu- og nýsköpunarsjóðs

Markmið þessa verkefnis er að auka líkur á góðum árangri verkefna sem styrkt eru með framlögum frá Uppbyggingarsjóði Sóknaráætlunar og Atvinnu- og nýsköpunarsjóði Norðurlands vestra.

## Verkefni 3 – Heildstæð samantekt á heilbrigðisþjónustu í landshlutanum og samanburður við annan landshluta

Markmiðið er að sjá á einum stað hvaða þjónusta er veitt í heilbrigðismálum á Norðurlandi vestra, ásamt því að niðurstöðurnar séu bornar saman við sambærilegan landshluta. Auk þess liggi fyrir hvaða þætti heilbrigðisþjónustunnar sé brýnast að lagfæra eða innleiða í landshlutanum.

## Verkefni 4 – Könnun á möguleikum á smávirkjunum á Norðurlandi vestra

Markmið verkefnisins er að fjölga smávirkjunum í landshlutanum, þ.e. virkjunum undir 10 MW og þar með að skjóta frekari stoðum undir búsetu í dreifbýli í landshlutanum.

## Verkefni 5 – Beint frá býli - stuðningur

Markmið þessa verkefnis er að auka tekjur sauðfjárbænda. Verkefnið felst í því að auðvelda bændum að afla sér þekkingar á heimavinnslu matvæla, vöruþróun, markaðssetningu og sölu afurða. Það verður gert með námskeiðshaldi og annarri aðstoð við ofangreinda þætti.

## Verkefni 6 – Kortlagning hverasvæða

Markmiðið er að auðvelda eigendum hverasvæða og sveitarfélögum að hefja nánari skoðun á nýtingu hverasvæða, t.d. með uppbyggingu hitaveitna, raforkuframleiðslu eða til annarra nota.